# Skátar á f



Langeldar undir berum himni. Hér getur hver og einn glóðarsteikt að sínum smekk.

Það var ys og þys í ýmsum skátafélögum, er liða tók á júlímánuð. Verið var að undirbúa ferðir skátaflokka á farandflokkamót á Austurlandi, hið fyrsta sinnar tegundar og liður í starfsári Bandalags ísl. skáta, sem að þessu sinni heitir „Skátalíf er þjóðlíf". Það voru tvö skátafélög, Ásbúar á Egilsstöðum og Nesbúar á Norðfirði, sem tóku að sér skipulagningu og framkvæmd þessa móts.

Og skátana dreif að úr ýmsum áttum, akandi og fljúgandi, þeir stefndu að Egilsstöðum þar sem mótið var sett 24. júlí af mótstjóra, Jósef Marinóssyni. Um 200 skátar voru mættir til að taka þátt í þessu lærdómsríka ævintýri. Sumarið var naumlega komið ennþá á Austurlandi. Við hugðum það gæti varla dregist, því Suður- og Vesturlandið hefur dreymt um heitu sumrin fyrir norðan og austan.


Þá er næst að koma sér fyrir. Akureyrarskátar, um 60 tjölduðu sínum eigin tjöldum, allir aðrir sváfu í tveimur griðarstórum samkomutjöldum og starfsliðið í eldhústjaldi, því nú var aðeins tjaldað til einnar nætur. Eftir ýmiss konar skipulagningu og flokkun á farangri, fer sumt beint á Skriðdal, annað í bíl til Norðfjarðar, því á faraldsfæti er um að gera að hafa það minnsta mögulega meðferðis. Og ungu, frísku skátarnir skriðu í pokana, alveg áhyggjulausir og sjóðheitir, þeir örfáu eldri hugsuðu, það hlýnar örugglega á morgun, en ofboð getur norðanáttin verið köld.

Þriðjudagsmorun er fótaferð kl. 8, því annasamur dagur er fyrir höndum. Skoða á Egilsstaðakauptún, fara kynnisferðir í ýmis fyrirtæki, og sigla með hraðbáti um Lagarfljót.

Mótstjórinn hafði vakið starfsfólkið kl. 6 um morguninn. Það gekk furðufljótt að afgreiða alla með morgunmat og koma flokkum af stað í dagskrána. Allir voru vel klæddir og regnföt við höndina, því það lá við rigningu og ekki hafði hlýnað ennþá.

Og þegar þú vappar kappklædd við vatnsborð Lagarins og hefur það verkefni að stjórna flokkunum, einum eftir öðrum í hraðbát, þá ertu allt í einu farin að tala við elskuleg hjón sem áttu leið um. Þegar þau heyra að það eru um 20 skátaflokkar sem koma og þetta taki marga tíma, þá virðist sem þeim sé ósköp eðlilegt að segja „við búum hér á Ullarhöfðanum rétt hjá, þú ert velkomin í kaffi og hlýju". Já, það var þá þannig sem þú kynnist Austfjarðahlýjunni, og sú var ekki árstíðabundin, von bráðar kemst þú að því að þetta er ekki einstakt tilfelli.

Um miðjan dag voru höfð snör handtök við að fella tjaldbúðina og ganga frá svæðinu, því nú fer stærsti hluti mótsgesta með rútum til Seyðisfjarðar, þar sem allur hópurinn er tekinn um borð í skuttogarann Barðann. „Dýrmætasti farmur sem ég hef siglt með," sagði skipstjórinn, sem hafði í þrjátíu ár fært björg í bú. Það var strekkingur og skipið tómt, svo það valt töluvert, en krakkarnir voru hinir hressustu, sigling með fiskiskipi var alveg nýtt fyrir þeim flestum.



Hátimbraður leikvangur í fjallasal.

## Margt býr í þokunni.

Barðinn skilaði okkur vel og örugglega til Neskaupstaðar, nú var gengið fylktu liði inn á dal upp af Norðfirði og slegið upp tjöldum rétt við árbakkann. Nú kynntumst við Austfjarðaþokunni, og hún var ekkert að flýja okkur, þó við hefðum hátt, en hún rændi okkur fjallasýn.

En rétt þegar liðið er að koma sér fyrir birtist út úr þokunni heimsókn sem var vel fagnað, og kom heldur færandi hendi. Þar voru á ferð velunnarar skáta, norðfirskar húsfreyjur með heitt kakó og brauð. Og meðan við dvöldum við Norðfjörð voru þær okkar matmæður, algjört kóngalíf í útilegu. Þökk sé öllu því ágæta fólki.

Næsta dag var fjölbreytt dagskrá, skoðuð voru frystihús, saltfiskverkun, prentsmiðja, netagerð, náttúrugripasafn og sveitabúskapur, farnar fjöruferðir, kappróðrar o.fl. Heimsókn á sveitabæ var ánægjuleg og verður

# Kyrrstæðar kvikmyndir

## Að skilja og skilgreina nýlist.

Hver hefur valið þessa menn veit ég ekki, en innan síns ramma eru þetta allt færis listamenn.

Að skilja og skilgreina nýlist er dálitið örðugt.
Undirrituðum er það minnisstætt þegar Björn Th. Björnsson fjallaði einu sinni um pólitísk málverk, og varpaði fram þeirri spurningu, hvort ekki væri áhrifameira að gefa út blöð í milljónaupplagi til að útskýra pólitískar hugmyndir, en hafa þær í einu málverki, sem færi svo ekkert nema heim til næsta kaupanda. Og þannig getum við einnig spurt, hvort ekki væri unnt að leysa sum þessara verka, sem nú hanga á Kjarvalsstöðum t.d. með því að spila á fiðlu. Þetta er ekki útúrsnúningur, öðru nær. Maður er bara ekki alveg viss alltaf, hvort myndlistin sé réttari miðill fyrir þessar hugsanir, en kvæði eða tónlist. Þetta er þó dálítið misjafnt, misjafnt hversu langt frá myndlistinni einstakir menn reika í þessum verkum.

Ég hefi heyrt að Kristján Davíðsson kalli svona myndir kyrrstæðar kvikmyndir, og er það réttnefni. Ljósmyndir þessara manna, hafa t.d. ekkert í raun og veru með ljósmyndun að gjöra, hvorki portret eða iðnaðarljósmyndun. Það er atburðarás myndarinnar sem felur inntakið, eða túlkar það, og við notum orðið atburðarrás með hliðsjón af orðfæri Kristjáns Davíðssonar að kvikmynd geti verið kyrrstæð.

Þetta nægir til að skilja t.d. Sigurð Guðmundsson, sem flokkast til helminga undir ljóðlist og ljósmyndun, ef almenningur misskilur hann rétt. Sama má segja um Finnann, sem er mikill myndasmiður og túlkar ný myndlistarsvið, rétt eins og Sigurður.

Danina skil ég aftur á móti minna, en Norðmaðurinn og Svíinn eru venjulegri að því er manni virðist, og Svíinn Lars Englund gæti hafa lært myndlistarvinnu hérna innansveitar, er ekki lengra frá okkur en það.

Það er þó rétt að taka það skýrt fram, að sá sem þetta ritar veit að það er þjóðarlöstur á Íslandi að þurfa að skilja alla skapaða hluti, til þess að geta metið þá. Aðeins bændur hafa að mínu viti nægjanlega hreinskilni til þess að horfa á myndlistarsýningar og skýra öðrum frá. Ekkert er að minnsta kosti jafn vont á Íslandi og vera álitinn fífl.

Það hefði því vel komið til greina að segja þessari sýningu stríð á hendur, þannig séð. En vegna þess að undirrituðum er það ljóst að án tilrauna, verður engin framvinda, þá skoðar maður svona sýningar í hljóðri alvöru, og þakkar fyrir ef hið latneska orð bienalle — annað hvert ár — er í heiðri haft eða uppruni orðsins, og tímann þar á milli getur maður notað til þess að hugsa.

Framúrstefnusýningar eru oft á lágu plani. Það er þessi ekki. Hin hvimleiði fáranleiki hefur greinilega kafnað, ef þetta er rétt sýnishorn af vinnu landgönguliðsins, og í staðinn hefur komið yfirveguð ró og sérstæð hugsun, sem framtíðin ein sker úr um hvort dafnar innan myndlistar, í kveðskap eða í fiðlu.

Jónas Guðmundsson



# Af Feneyjarbiennali á Kjarvalsstöðum

## MYNDLIST

Þegar fólk kemur fram fyrir Íslands hönd erlendis, hvort heldur það er á söngmótum, í knattspyrnu, eða teflir, virðist manni á stundum að of mikið sé gert úr að þessi eða hinn sé fulltrúi Íslands. Ekki hefi ég beðið um neinn söng, og mér vitanlega ekki menn sem mogga undir færum, smala fé, eða sitja við borð. Það er nefnilega einu sinni svona, að menn geta aðeins keppt fyrir sjálfa sig, og ábyrgðina bera þeir sjálfir.

Listin er ekki samábyrgðarfélag manna þannig séð, og það er fráleitt að þessi eða hinn geti ákveðið „fulltrúa Íslands", nema þjóðin sjálf. Hitt er frekja.

## Feneyjabiennallinn.

Mer kom þetta í hug, rétt einu sinni, þegar ég sá sýninguna NORRÆN LIST Í FENEYJUM. Þar hafa menn komnir yfir miðjan aldur einmitt verið gerðir að fulltrúum fyrir eitthvað, sem þeir eru ekki fulltrúar fyrir.

Hitt er svo annað mál, að Biennallinn er haldinn annað hvert ár í Feneyjum og hýsir þá einkum og sér í lagi einhverjar framvarðarsveitir, eða landgöngulið myndlistarinnar, eða á að gera það, en verk slíkra manna eru oft á tíðum undanfari sjálfsagðra hluta, þótt einkennilegir þyki í svipinn.

Við getum tekið dæmi. Abstraktlistin þótti einkennileg fyrstu áratugina eftir að hún kom fram í dagsljósið, en þykir nú jafn sjálfsögð í umhverfinu og fólkið í næsta húsi, og sama má segja um ljóðlistina í landinu, hún átti örðugt uppdráttar, þegar hún hafði fataskipti eftir stríðið.

Þeir sem þarna sýna eru þrír Danir, þeir STIG BRÖGGER, HEIN HEINSEN og MOGENS MÖLLER, frá Finnlandi er OLAVI LANU, SIGURÐUR GUÐMUNDSSON frá Íslandi, LARS ENGLUND frá Svíþjóð og FRANS WIDERBERG frá Noregi.

